

## KJARASAMNINGUR

milli

Samtaka atvinnulífsins vegna aðildarfyrirtækja og Landsvirkjunar annars vegar

og

Alþýðusambands Íslands, Starfsgreinasambands Íslands, Samiðnar og  
Rafiðnaðarsambands Íslands hins vegar

um kaup og kjör við virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar

### 1. gr.

Síðastgildandi kjarasamningur ofangreindra aðila framlengist til 31. desember 2007 með þeim breytingum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar eru sammála um að vegna breyttra aðstæðna á raforkumarkaði séu ekki forsendur fyrir framlengingu samnings þessa eftir að hann fellur úr gildi.

### 2. gr.

#### Laun

Laun hækka sem hér segir:

19. apríl 2004	3,25%.
1. janúar 2005	3,0%,
1. janúar 2006	2,5%
1. janúar 2007	2,25%.

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema um annað hafi verið samið.

**Launataxtar verkafólks verða sem hér segir frá og með 19. apríl 2004**

	Mán.laun	Dagvinna
H-1	109.676	632,76
H-2	113.787	656,48
H-3a	120.256	693,80
H-3b	122.060	704,21
H-4	125.466	723,86
H-5	129.857	749,19

### 3. gr.

#### Skilgreining launaflokka skv. gr. 1.1.1. verður sem hér segir:

- H-1 Verkamenn fyrstu þrjú mánuðina
- H-2 Verkamenn með þriggja mánaða reynslu. Starfsmenn í mötuneyti og við ræstingar
- H-3a Meiraprófsbilstjórar og vélamenn. Verkamenn eftir 9 mánuði.
- H-3b Starfsmenn í mötuneyti og við ræstingar eftir 3 mánuði á virkjunarstaðnum. Járnamenn.
- H-4 Starfsmenn við bor- og hleðsluvinnu í jarðgöngum svo og tækjamaður aftan við stafn. Matráðar sem stjórna mötuneyti.

Eftirtaldir starfsmenn með meira en 6 mánaða starfsreynslu: Stjórnendur stórvirkra efnisflutningavagna sem gerðir eru fyrir akstur utan almennra vega eingöngu, svo og liðstýrðra efnisflutningavagna. Stjórnendur stórvirkra vinnuvéla, skv. skilgreiningu í grein 15.3.4 og vinnuvélstjórar sem einnig hafa meirapróf. Járnamenn. Stjórnendur fólksflutningabifreiða.

H-5 Eftirtaldir starfsmenn sem vinna utan jarðganga og stýra tækjum sem falla undir skilgreiningu gr. 15.1.1: Vélamenn sem lokið hafa frum- og grunnnámskeiði Vinnueftirlits ríkisins og prófum og hafa við það öðlast fyllstu réttindi við stjórnun vinnuvéla skv. reglugerð 198/1983 og bifreiðastjórar sem lokið hafa meiraprófsnámskeiðum skv. reglugerð 501/1997 og öðlast með því fyllstu réttindi.

#### Við 3. mgr. greinar 1.1.1. bætist nýr málslíður:

Eins árs eða lengri starfsreynsla byggingaverkamanna við sambærileg störf á almennum vinnumarkaði svarar til sex mánaða starfsreynslu við virkunarframkvæmdir.

#### Nýr launaflokkur iðnaðarmanna

Inn komi nýr launaflokkur, I-2, fyrir iðnaðarmenn með sveinspróf á grundvelli þriggja ára iðnnáms (iðnskóla) og a.m.k. 3 ára starfsreynslu að loknu sveinspróf og rafsúðumenn með a.m.k. tveggja ára iðnnám, rafsúðuréttindi skv. evrópskum staðli og a.m.k. 3 ára starfsreynslu að loknu sveinsprófi.

	19.4.2004	2005	2006	2007
I-2	176.856	182.162	191.384	200.582

Starfsmenn sem taka laun skv. launaflokki I-2 taka desember- og orlofsuppbætur skv. ákvæðum almennra kjarasamninga og eru þær því ekki innifaldar í ofangreindum töxtum (I-2). Réttur til uppbóta fer skv. ákvæðum þeirra samninga. Heimilt er að greiða uppbætur

út jafnharðan. Ef greitt er með tímakaupi skal deila með tölunni 2080 upp í uppbætur enda greiðast orlofslaun ofan á tímakaup með uppbótum. Yfirvinnukaup og vaktaálög greiðast af mánaðarlaunum án uppbóta.

#### 4. gr.

##### **Hækkað framlag í lífeyrissjóði**

Frá 1. janúar 2005 hækkar framlag atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóð í 7,0% og á sama tíma fellur niður skylda til að greiða 1,0% fast í séreignasjóð óháð framlagi starfsmanns. Frá 1. janúar 2007 hækkar iðgjald atvinnurekenda til samtryggingarlífeyrissjóðs í 8,0% samhliða 0,45% lækkun almenns tryggingagjalds.

#### 5. gr.

1. kafli samningsins fái heitið „laun” og grein 1.1. hefjist á orðinu „laun” í stað „kaup”.

##### **Grein 1.6 fái nýtt heiti sem orðist svo:**

Greiðsla launa og launaseðlar.

##### **Grein 1.6.1 um launaseðla orðist svo:**

Útborgun launa fer fram á tveggja vikna fresti. Heimilt er að greiða launin út með öðrum hætti, náist um það samkomulag við starfsmann. Tímaskýrslur skulu vera starfsmanni og yfirtrúnaðarmanni aðgengilegar á vinnustað. Launaseðlar eru póstsendir til starfsmanns, nema vinnuveitandi kjósi að afhenda þá á vinnustað. Starfsmaður skal hafa aðgang að upplýsingum um laun og vinnutíma dvelji hann lengur en tvær vikur samfelt á vinnustað.

##### **Grein 1.6.2 orðist svo:**

Launaseðlar skulu viðurkenndir af samningsaðilum og skal koma skýrt fram á þeim eftirfarandi: Fjöldi dagvinnu- og yfirvinnustunda, uppsöfnun frítökuréttar, fjárhæð hvers launataxta, svo og fjárhæð dag- og yfirvinnulauna, álagsgreiðslur vegna vaktavinnu og bónusgreiðslur, ákvæðis- og ferðalauna. Orlof verði sundurliðað milli dagvinnu og yfirvinnu.

Samkvæmt kjarasamningi þessum er desember- og orlofsuppbót skv. almennum kjarasamningum landssambanda ASÍ að mestu innifalin í kauptöxtum. Sérstök viðbótaruppbót, kr. 19.411 (frá 19.4.2004) m.v. fullt starf allt árið, eða kr. 9,33 á hverja dagvinnustund (hefur ekki áhrif á yfirvinnukaup eða vaktaálag) er þó greidd til starfsmanna sem taka laun skv. launaflokkum H-1 – H-5 og I-1. Réttur til uppbóta fer skv. ákvæðum almennra kjarasamninga. Um uppbætur starfsmanna skv. launaflokki I-2 fer skv. 3. gr. samnings þessa.

## 6. gr.

### Gr. 1.9.1. um forföll mötuneytisstarfsmanna, orðist svo:

Fyrir að bæta á sig störfum vegna forfalla í mötuneyti, skal hver starfsmaður viðkomandi vaktar fá greidda álagsgreiðslu í formi yfirvinnukaups, þá daga sem slík viðbótarstörf fara fram. Í mötuneyti þar sem starfa að jafnaði 4 starfsmenn eða færri skal greiða 1,5 tíma fyrir unna vakt en í mötuneyti þar sem starfa að jafnaði 5 starfsmenn eða fleiri skal greiða 1 tíma fyrir unna vakt. Ekki skal greitt álag ef forföll vara eina vakt eða skemur.

## 7. gr.

### Við grein 3.1.1 bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Verktaki skal skipuleggja flutning starfsmanna frá einstökum vinnusvæðum í mötuneyti með þeim hætti að allir starfsmenn fái fullar 45 mínútur í matartíma.

### Grein 3.1.4 orðist svo:

Sé yfirvinna unnin, skulu kaffítímar vera kl. 23:00 - kl. 23:20, kl. 05:00 - kl. 05:20 og síðustu 20 mín. áður en dagvinna hefst. Starfsmenn eiga þó ekki rétt á kaffítímanum við upphaf dagvinnu, hefji þeir störf innan tveggja klukkustunda áður en dagvinna hefst.

## 8. gr.

### Gr. 4.2., um veikindi í orlofi, orðist svo:

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

## 9. gr.

### Grein 5.1. orðist svo:

Félagsmenn stéttarfélaga þeirra landssambanda sem aðild eiga að samningi þessum hafa forgangsrétt til þeirrar vinnu er samningur þessi tekur til.

## 10. gr.

### Eftirfarandi breytingar verða á 6. kafla samningsins:

#### Grein 6.1.1. orðist svo:

Fylgja skal reglum Brunamálastofnunar um brunavarnir.

#### Grein 6.1.2. orðist svo:

Í alla svefnskála skal setja upp viðvörðunarkerfi, sem samþykkt er af viðkomandi eldvarnareftirliti.

#### Grein 6.2.1 orðist svo:

Öryggisbúnaður á vinnusvæðinu sé svo fullkominn sem kostur er á og fyllsta öryggis sé gætt í samræmi við opinberar reglur.

#### Grein 6.2.2 orðist svo:

Vinnuaðstaða í eldhúsi skal vera í samræmi við reglur heilbrigðisyfirvalda.

#### Við grein 6.2.3 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Að öðru leyti vísast til reglna nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa.

#### Grein 6.2.5 orðist svo:

Brot á öryggisreglum, sem valda því að öryggi starfsmanna er stefnt í voða, skal varða brottvikningu án undangenginna áminningar, ef yfirtrúnaðarmaður og forsvarsmenn fyrirtækis eru sammála um það.

#### Grein 6.2.7:

Í stað orðsins öryggisráðs í grein 6.2.7 komi öryggisnefnd.

**Grein 6.4 fái nýtt heiti sem orðist svo:**

Öryggisnefnd

**Grein 6.4.1 orðist svo:**

Á virkjunarstað skal starfa öryggisnefnd er hafi eftirlit með öryggisútbúnaði og framkvæmd á öryggismálum almennt. Trúnaðarmönnum er heimilt að snúa sér til öryggisnefndar með hvers konar kvartanir og ábendingar um útbúnað og annað er varðar öryggi starfsmanna og á sama hátt er vinnuveitanda heimilt að gera athugasemdir og kvartanir um notkun öryggisbúnaðar.

**Grein 6.4.2 orðist svo:**

Öryggisnefnd skal skipuð staðarverkfræðingi eftirlits, yfirtrúnaðarmanni, öryggistrúnaðarmanni og öryggisstjóra/öryggisverði frá atvinnurekanda.

Öryggisnefnd er heimilt að boða fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits á fund öryggisnefndar, auk sérstakra öryggistrúnaðarmanna sem ráðnir hafa verið til að hafa eftirlit með öryggis-, heilsu-, og umhverfismálum. Einstakir nefndarmenn skulu koma óskum sínum um boðun framangreindra aðila á framfæri við formann nefndar.

Heimilt er að boða fulltrúa einstakra verktaka á fund öryggisnefndar ef mál eru þeim tengd.

Heimilt er að skipa fleiri en eina öryggisnefnd ef umfang virkjanaframkvæmda kallar á það.

**11. gr.**

**Eftirfarandi breytingar verða á 7. kafla samningsins:**

**Grein 7.3 orðist svo:**

Ofangreind réttindi um greiðslur í veikinda- og slysatilfellum, skulu starfsmenn fá flutt frá fyrri atvinnurekanda, sé um störf að ræða, sem tengd eru tímabundnum meiriháttar framkvæmdum.

Starfsmanni ber, sé þess óskað, að leggja fram staðfestingu frá fyrri vinnuveitanda um lengd vinnu við slík störf.

**Grein 7.5 fái nýtt heiti sem orðist svo:**

Fæðingar- og foreldraorlof

**Grein 7.5.1 orðist svo:**

Um fæðingar- og foreldraorlof fer skv. lögum nr. 95/2000 um sama efni. Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar án frádráttar á föstum launum þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

**12. gr.**

**Eftirfarandi breytingar verða á 8. kafla samningsins um verkfæri og vinnuföt:**

**Við grein 8.1.3 bætist nýr málslíður svohljóðandi:**

Ef geymslur undir vinnufatnað eru settar upp úti á vinnusvæðum skulu þær þannig búnar að vinnufatnaður starfsmanna sé þurr í upphafi vinnudags.

**Við grein 8.2.5 kemur nýr liður svohljóðandi:**

, nema Vinnueftirlit ríkisins telji nauðsyn á því.

**13. gr.**

**Eftirfarandi breytingar verða á 12. kafla samningsins um uppsagnarfrest og endurráðningu:**

**Í stað greina 12.2.1 – 12.2.3 komi ný málsgrein svohljóðandi:**

Um uppsagnarfrest starfsmanna skal fara samkvæmt almennum kjarasamningum viðkomandi landssambanda.

**Við grein 12.2.4 bætist nýr málslíður svohljóðandi:**

Yfirtrúnaðarmanni er heimilt að fá afrit af uppsagnarbréfi starfsmanns.

**Við grein 12.2.5 bætist ný málsgrein svohljóðandi:**

Brot sem teljast alvarleg að mati verktaka og yfirtrúnaðarmanns réttlæta fyrirvaralausar uppsögn án áminningar. Í þeim tilvikum skal yfirtrúnaðarmanni tilkynnt um uppsögn áður en starfsmaður yfirgefur vinnusvæðið.

Númer annarra töluliða breytast í samræmi við framangreindar breytingar.

#### **Grein 12.4.1 orðist svo:**

Samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 skal fæðingarorlof reiknast til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétti til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar og uppsagnarfrests. Sama gildir ef kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

Fæðingarorlof telst til unnins tíma við útreikning orlofsréttar, þ.e. réttar til frítöku en ekki orlofslauna.

#### **14. gr.**

#### **Grein 13.1.6 orðist svo:**

Trúnaðarmönnum á vinnustað skal gefinn kostur á að sækja námskeið sem miða að því að gera þá hæfari í starfi.

Hver trúnaðarmaður hefur rétt á að sækja eitt eða fleiri námskeið, samtals í eina viku á ári. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda dagvinnutekjum í allt að eina viku á ári enda séu námskeiðin viðurkennd af samningsaðilum. Í fyrirtækjum þar sem starfa fleiri en 15 starfsmenn skulu trúnaðarmenn halda dagvinnutekjum í allt að tvær vikur á fyrsta ári. Þetta gildir um einn trúnaðarmann á ári í hverju fyrirtæki séu starfsmenn 5-50 en tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50.

#### **15. gr.**

**Eftirfarandi breytingar verða á 15. kafla samningsins um stjórnendur stórvirkra vinnuvéla:**

#### **Grein 15.1.1 orðist svo:**

Ákvæði þessa kafla gilda um stjórnendur eftirtalinna tækja utan jarðganga án 30% álags samkvæmt 19. kafla: Gröfur stærri en 30 tonn, hjólaskóflur stærri en 28 tonn, jarðýtur stærri en 25 tonn, efnisflutningavagna 30 tonn og stærri og borvagna utan ganga.

#### **2. málslíður greinar 15.2.4 orðist svo:**

Rísi ágreiningur um beitingu þess skal honum vísað til fastanefndar og skal hún úrskurða svo fljótt sem verða má.

#### **Grein 15.3.4 orðist svo:**

Þegar einn maður annast stjórn stórvirktrar vinnuvélar og ekki er beitt tveggja manna kerfi sbr. 15.2.2., 15.2.3. og 15.2.4. skal greitt 17% álag á greidd laun viðkomandi starfsmanns

(þó ekki ferðalaun). Við uppskipti á bónus skal einnig miða við 17% álag á greitt kaup þeirra, sem einir annast stjórn stórvirkra vinnuvéla.

Stjórnendum efnisflutningavagna 30 tonna og stærri og borvagna utan ganga skulu fá greitt 12% álag á greidd laun (þó ekki ferðalaun).  
(nýtt álag skv. samningi hefur ekki áhrif til hækkunar launa þeirra starfsmanna sem þegar hafa 12% álag á sín laun)

## 16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. kafla samningsins um fæði og aðbúnað:

### Við grein 17.1.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Með fæði er átt við mat í matartímum og kaffi og brauð eða annað meðlæti í kaffihléum.

### Við 1. mgr. greinar 17.1.2 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Herbergi þessi skulu vera nægilega rúmgóð og tryggt að starfsmenn sem deila herbergi þurfi ekki að sofa þar á sama tíma. Sjá bókun með samningnum.

### Við grein 17.2.3 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Skipta skal á sængurfatnaði eigi sjaldnar en á 2 vikna fresti.

### Grein 17.2.6 orðist svo:

Aðbúnaður skal að öðru leyti vera í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda, sbr. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

### Grein 17.2.8 orðist svo:

Ef verktaki hefur ekki tök á því að láta aka starfsmönnum á föstum vinnustað í mötuneyti í kaffihléum (séu þau tekin) skal hann setja upp kaffiaðstöðu úti á vinnusvæðum. Starfsmenn skulu hafa aðgang að hreinlætisaðstöðu/salerni úti á vinnusvæðum.

### Aftan við grein 17.2.8 kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Dagleg ræsting skal vera í matarskálum, kaffistofum og salernum.

## 17. gr.

Í stað orðsins „félaga vinnuveitenda” í grein 18.7 komi orðið „SA”.

## 18. gr.

### Ný grein 20.4. orðist svo:

Ekki er skylt að láta launaákvæði samningsins ná til starfsmanna sem vinna að tilfallandi, tímabundnum og afmörkuðum verkefnum við uppsetningu tækja og búnaðar og viðgerðir sem standa skulu skemur en 3 vikur. Þetta ákvæði á þó ekki við komi starfsmaður ítrekað á virkjunarstað til að sinna verkefnum.

### Ný grein 20.5. orðist svo:

Heimilt er að viðhafa aðra samsetningu launa en kveðið er á um í samningi þessum, svo sem föst laun. Slík starfskjör skulu aldrei vera lakari en kjarasamningur þessi kveður á um.

## 19. gr.

### Eftirfarandi breytingar verða á 22. kafla samningsins um meðferð ágreiningsmála:

Grein 22.1 og 22.2 falli brott. Grein 22.3. verði gr. 22.1.

### Grein 22.4, Fastanefnd, orðist svo:

Við upphaf virkjunarframkvæmda skal sett á stofn fastanefnd. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju því landssambandi sem aðild á að samningi þessum og tveimur fulltrúum SA.

Hlutverk fastanefndar er að mæla fyrir um framkvæmd einstakra ákvæða eftir því sem nánar er kveðið á um í samningi þessum og að kveða upp úrskurði í ágreiningsmálum sem vísað hefur verið til nefndarinnar.

Fastanefnd getur kallað fulltrúa einstakra verktaka á sinn fund telji hún það nauðsynlegt.

Fastanefnd skal halda fundi þegar þurfa þykir.

## 20. gr.

### Nýr 23 kafli, Erlendir starfsmenn, verði svohljóðandi:

23.1. Verktakar Landsvirkjunar, sem hafa erlenda starfsmenn í vinnu, skulu fella þessa starfsmenn inn í gildandi launakerfi samningsaðila, sbr. þó gr. 20.4. og 20.5.

## 23.2. Upplýsingar

Um rétt yfirtrúnaðarmanns til aðgangs að upplýsingum um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði dags. 7. mars 2004. Áður en ágreiningsmálum er vísað til samráðsnefndar samkvæmt samkomulaginu skal því fyrst vísað til umfjöllunar í fastanefnd samkvæmt samningi þessum.


## 21. gr.

### Samningsforsendur


Um forsendur samningsins vísast til forsenduákvæða í samningum þeirra landssambanda sem að samningnum standa.

Reykjavík, 20. apríl 2004


F.h. Alþýðusambands Íslands




F.h. Samtaka atvinnulífsins og  
Landsvirkjunar



F.h. Starfsgreinasambands Íslands



F.h. Samiðnar



F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands



**Bókun um stærð tveggja manna herbergja**

Fastanefnd skal fyrir 1. júní 2004 úrskurða um lágmarksstærð tveggja manna herbergja. Skal þá höfð til hliðsjónar algeng stærð tveggja manna herbergja í nýjum vinnubúðum.